

Fundur skólaráðs 1.mars 2016

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir og Sigurveig Önundardóttir fulltrúar kennara, Ingigerður Gísladóttir, Bjarney Einaradóttir, Herdís Gunnlaugsdóttir fulltrúar foreldra, Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda voru: Margrét Fríða, Karín og Telma úr 10.bekk, Ólöf og Veigar úr 9.bekk, Gunnlaugur, Vignir og Una úr 8.bekk, Bragi og Hafþór úr 7. bekk. Öll eru þau fulltrúar nemendaráðs.

Dagskrá:

1. Skólaláping

Halldóra fjallaði um fyrirhugað skólaláping þar sem ræða á um heimanám. Anna Kristín Sigurðardóttir frá HÍ verður okkur til aðstoðar við skipulagningu þingsins og á fundinum voru lagðar fram tillögur frá henni. Markmið þingsins er að móta heimanámsstefnu skólans. Skv. Skólalápingu eru skiptar skoðanir á heimanámi. Rætt var um þær tvær leiðir sem Anna stakk upp á.

Ákveðið var að fara þá leið að bjóða nemendum að taka þátt og ef margir bjóða sig fram verður dregið úr umsóknum en reiknað er með að um 40 nemendur taki þátt. Þessi aðferð hefur verið notuð til að velja í Stuðboltana. Umsjónarkennarar halda bekkjarfundum þar sem fulltrúar nemenda eru undirbúnir með því að heyra raddir bekkjarfélaganna. Foreldrar og starfsmenn gætu líka boðið sig fram og dregið úr þeim hópi. Tímasetningin yrði milli kl. 18:00 og 20:00 þann 13.apríl (miðvikudagur). Til vara 27.apríl.

2. Skólareglur, húsnæði og aðbúnaður nemenda

Halldóra afhenti skólareglur og samning um ábyrga notkun rafeindatækja í skólanum. Halldóra kynnti vinnuna við skólareglurnar. Nemendur tóku þátt í þeirri vinnu í gegnum Stuðboltana og nemendaráð. Einnig tóku þeir þátt á bekkjarfundum. Teknar voru út reglur þar sem húfur og tyggjó var bannað. Sími var leyfður. Allt hefur gengið vel nema sífelld umræða er um símamálin. Þau mál ganga vel alveg upp í 9. og 10.bekk en þar hefur þetta verið erfiðara í framkvæmd inni í kennslustundum. Við þurfum að finna leiðir til að þetta gangi upp. Nemendur töldu að kennarar gefi of mikla sénsa með símann, þeim er sagt að setja símann niður en nemendur gera það ekki og kennarinn gerir ekkert. Nemendur telja að ef síminn væri tekinn í auknu mæli og settur til ritara þar sem foreldrar þurfa að sækja hann væri það betra og nemendur myndu frekar virða reglurnar. Þeir voru sammála um að það þyrfti að vera strangari reglur og fylgja þeim betur eftir.

Samþykkt var að bæta því inn í samninginn að síma eigi að geyma í plastvösum í kennslustofunni, sett á þögn, ekki hafa titring (airplane mode).

7.bekkur á eftir að skrifa undir samning um rafeindatæki.

Valdís sagði frá umræðu á deildafundi elsta stigs um slæma umgengni.

Margrét Fríða ræddi um undanþágu fyrir sundi á elsta stigi og að jafnrétti ríki fyrir þá sem stunda aðrar afreksíþróttir en slík þjálfun veitir ekki undanþágu frá íþróttaiðkun. Skiptar skoðanir eru meðal nemenda um fjölda íþróttatíma. Boðið er upp á aukið val í íþróttum til að mæta þessu. Nemendur spurðu um leyfi í íþróttum og sundi og af hverju nemendur þurfa að fara upp í íþróttahús í stað þess að þeir gætu nýtt verkefnatíma. Boltahópar og boltalausir hópar, ósanngjarnir að boltahópurinn þurfi að hætta þegar líður á tímann og fara síðan í sama og boltalausir hópurinn.

3. Skóladagatal 2016 – 2017

Halldóra kynnti það helsta á dagatalinu og vakti sérstaka athygli á samræmdum prófum. Nemendur yfirgáfu fundinn. Skólaráð samþykkir drög að skóladagatali eins og þau liggja fyrir.

4. Önnur mál

- a) Halldóra kynnti samantekt á nemendapróun í Grindavík næstu árin. Mikið álag er í Hópsskóla og hefði þurft að þrískipta bekkjum en það var ekki gert sökum plássleysis. Mikið álag í Skólaselinu. Nauðsynlegt er að fara að huga að framtíðarplönnum fyrir Grunnskólann og ljóst er að ástandið er líka erfitt í leikskólunum. Ingibjörg María er að taka saman upplýsingar fyrir fræðsluráð sem kynntar verða á næsta fundi ráðsins.
- b) Fulltrúar foreldrafélagsins nefndu að félagið eigi töluverða fjármuni sem hægt væri að nýta í skólastarfið. Stjórnendur ætla að taka saman lista og senda til foreldrafélagsins yfir möguleg verkefni sem hægt væri að styrkja.